



HRUNAMANNAHREPPUR

72. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

13. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2025, þann 21. ágúst kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemnum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp dagskrárbreytingatillögu um að við bætist liður 15, leigusamningur um lyfsölu í Hrunamannavegi 3, tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

- Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 4. fundar frá 12. ágúst 2025.**

Lögð fram fundargerð 4. fundar Afmælisnefndar 1150 ára afmælis Hrunamannahrepps.

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn samþykkir umbeðna fjárveitingu til gerðar afmælismerkis og felur nefndinni að sjá um útfærslu á verkinu. Einnig rætt um gerð merkinga við aðkomur í sveitarfélagið sem sveitarstjórn er einróma hlynnt. Fjárveiting verði rædd við gerð fjárhagsáætlunar.

- Afréttamálanefnd: Fundargerð 9. fundar frá 8. ágúst 2025.**

Lögð fram fundargerð 9. fundar Afréttamálanefndar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar. Réttarverður í Hrunaréttum þann 12. september en í fundargerðinni má sjá að rétt um 4.000 fjár hafi farið á fjall þetta árið og fjallmenn í fyrsta safni verði um 40 talsins og dvelja þau á fjalli í 6 daga.

- Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 13. fundar frá 18. ágúst 2025.**

-Ásamt áfangastaðaáætlun Suðurlands 2025.

Lögð fram fundargerð 13. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar ásamt áfangastaðaáætlun Suðurlands 2025.

Fundargerðin ásamt áfangastaðaáætlun lögð fram til kynningar.

JS

HB

DGS

ARJ

BS

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

4. **Fundargerð 307. fundar skipulagsnefndar frá 18. ágúst 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst sl. og 11. júlí sl.**

Lögð fram fundargerð 307. fundar skipulagsnefndar frá 18. ágúst 2025 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst og 11. júlí sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 28. Syðra-Langholt: Breyttir skilmálar efnistökusvæðis E31; Aðalskipulagsbreyting.

Lögð er fram, eftir grenndarkynningu, tillaga óverulegrar aðalskipulagsbreytingar sem tekur til grjótnámu á Syðra-Langholti L172619 í Hrunamannahreppi. Í breytingunni felst stækkan á efnistökusvæði E31 úr 0,9 ha í 2,4 ha þar sem leyfileg efnistaka verður 138.000 m³ í stað 45.000 m³. Athugasemdir bárust við grenndarkynningu og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi efnistökusvæðis E31. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar. Í ljósi framkominna athugasemda mælist nefndin til þess að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði þess gætt að vinnsla í námunni fari fram á hefðbundnum vinnutíma.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi efnistökusvæðis E31. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr skipulagslagu nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar. Í ljósi framkominna athugasemda mælist sveitarstjórn til þess að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði þess gætt að vinnsla í námunni fari fram á hefðbundnum vinnutíma og þar af leiðandi eingöngu á virkum dögum.

Mál nr. 29. Hraf nabjörg: Breyttir landnotkunarflokkar; Aðalskipulagsbreyting.
Lögð er fram, eftir kynningu, skipulagstillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Hrunamannahrepps landi Hraf nabjarga. Innan frístundahúsareits F20 verður landsvæði Hraf nabjarga leiðrétt með því að færa frístundahúsasvæðið út af núverandi skógræktarsvæði og yfir í klapparholt þar sem ræktunarskilyrði eru óhentug m.t.t. landbúnaðar. Skógræktarsvæði verður sýnt þar sem frístundabyggð er sýnd í landi Hraf nabjarga á reit F20 í giltandi aðalskipulagi. Í breytingunni felst því tilfærsla á landbúnaðarsvæði yfir í frístundasvæði og frístundasvæði yfir í skógræktarsvæði. Umsagnir bárust á kynningartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna reits F20 verði samþykkt í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010. Mælist nefndin til þess að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna reits F20 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslagu nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

tti JGS
ARJ

BL

-JB

Mál nr. 30. Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Bláskógabyggð: Umsagnarbeiðni; Auglýsing; Aðalskipulag Skagafjarðar.
Lögð er fram umsagnarbeiðni til Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Skagafjarðar.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn og vísar málínu til kynningar sveitarstjórna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Málið lagt fram til kynningar en sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagið eins og það er hér kynnt.

Mál nr. 36. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 14. ágúst sl.

Mál nr. 37. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. júlí sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. júlí sl.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

5. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 246. fundar frá 12. ágúst 2025

Lögð fram fundargerð 246. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. SASS: Fundargerð 624. fundar stjórnar frá 27. júní 2025.

Lögð fram fundargerð 624. fundar stjórnar SASS.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Erindi til sveitarstjórnar:

7. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 11. ágúst 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Ferðapjónustunnar S-Langholti ehf, kt. 681205-1440 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II – D Gistiskáli, Syðra-Langholti, F2203704, 846 Flúðum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

8. Umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 18. ágúst 2025.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf., kt.450318-0350 um tækifærисleyfi til áfengisveitinga á Réttarballi Uppsveita í Reiðhöllinni á Flúðum, Lambatanga 1, L216338, 845 Flúðum þann 13.9. 2025 kl. 22:00- 14.9.2025 kl. 03:00.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að umrætt leyfi verði veitt.

SB

9. Bréf frá Skipulagsstofnun frá 25. júlí 2025.

Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun vegna deiliskipulags iðnaðarsvæðis I1 í Flatholti, Hrunamannahreppi.

Lagt fram til kynningar en brugðist hefur verið við athugasemdunum.

AH

DGS

BV

ARJ

10. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 1. júlí 2025.

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem boðið er til vinnustofu um skráningu lögheimilis í frístundabyggð.

Lagt fram til kynningar en sveitarstjórn stefnir á að senda fulltrúa á fundinn.

11. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 4. september 2025, kl. 14:00.

Fjárhagsleg málefni:

12. Minnisblað varðandi íbúðir við Hrunamannaveg 3, frá 19. ágúst 2025.

Lagt fram minnisblað varðandi íbúðir við Hrunamannaveg 3, frá 19. ágúst 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða betur við seljanda um þau atriði sem rædd voru á fundinum. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að greiða stofnframlag vegna kaupanna í samræmi við reglur þar um verði umsókn Hrunamannahrepps um stofnframlag samþykkt og að því gefnu að samkomulag náist við seljanda.

13. Leigusamningur vegna leigurýmis fyrir nuddara í Akurgerði 6, 845 Flúðum.

Lagður fram leigusamningur milli Hrunamannahrepps og NG ehf vegna leigurýmis fyrir nuddara í Akurgerði 6, 845 Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða með þeirri breytingu að leigutíminn styttilt eitthvað þar sem ekki er enn ljóst hvenær Ráðhúsið flytur í nýtt húsnæði en framkvæmdir þar hafa dregist á langinn.

14. Samkomulag um úthlutun og uppbyggingu á lóðum við Vesturbrún á Flúðum.

Lagt fram samkomulag um úthlutun og uppbyggingu á lóðum við Vesturbrún á Flúðum.

Málið rætt og samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.

15. Leigusamningur um lyfsölu í Hrunamannavegi 3.

Lagður fram leigusamningur milli Hrunamannahrepps og Apóteks Suðurlands um leigu þess síðarnefnda á húsnæði að Hrunamannavegi 3 til reksturs lyfsölu. Í samningnum felst að Hrunamannahreppur mun gera húsnæðið tilbúið til innréttингa en innréttингar koma frá rekstraraðila.


Sveitarstjórn fagnar því að lyfsala skuli opna við hlið Heilsugæslu Uppsveitanna og samþykkir samninginn samhljóða. Kostnaður sem felst í innréttingu húsnæðisins rúmast innan þeirrar fjárfestingar sem samþykkt hefur verið á árinu. Gerð verður grein fyrir tilfærslu þeirra fjármuna í viðauka við fjárhagsáætlun sem lagður verður fram í september.

Mál til kynningar:

16. Boð á Umhverfisþing 2025.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:34.



Alexandra Rosthannesd.
Birney Vigfusdottir


Dóði Geir Samuelsson